

**Nd.**

## **86. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Flm.: Sigfús Sigurhjartarson.

### **1. gr.**

2. og 3. málsg. 8. gr. laganna orðist svo:

Húsaleigunefnd getur skipt með sér verkum, ef nefndarmenn verða ásáttir um. Til þess að annast mat á húsaleigu og til þess að staðfesta húsaleigusamninga tilnefnir nefndin tvo menn úr sínum hópi. Allir nefndarmenn skulu vera á fundi, þegar úrskurður er upp kveðinn, og taka þátt í atkvæðagreiðslu, og getur þá vara-  
maður komið í stað aðalmanns. Afl atkvæða ræður úrslitum máls.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Í lögum um húsaleigu frá 6. apríl þ. á. er svo fyrir mælt, að húsaleigunefnd Reykjavíkur skuli skipuð fimm mönnum. Áttunda grein þessara laga hefur verið skilin svo, að aðeins þrír nefndarmanna skuli fella úrskurði um gildi uppsagna á húsnæði og önnur þau atriði, er í lögnum greinir, að undanteknu mati á húsaleigu og staðfestingu á leigumálum. Hins vegar annast tveir nefndarmanna leigumat og staðfestingu á samningum og hafa ekki önnur störf með höndum innan nefndarinnar. Þannig eru það aðeins þrír af fimm nefndarmönnum, sem fjalla um hin vandasömustu og viðkvæmustu mál, er nefndin hefur með höndum, og getur slíkt ekki talizt heppilegt, enda vafasamt, hvort vakað hefur fyrir löggjafanum að hafa slíka skipan á.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að sú breyting verði á gerð, að allir þeir, sem sæti eiga í húsaleigunefnd, taki þátt í úrskurðum hennar, en skipti að öðru leyti sjálfir með sér verkum. Slíkt er í alla staði eðlilegt og tryggir betur en nú er, að öll sjónarmið komi til greina, þegar kveðnir eru upp hinir vandasömu úrskurðir húsaleigunefndar.